



BYGGING OG VIÐHALD

# GÆÐAKERFI

Bygging og Viðhald ehf.



BYGGING OG VIÐHALD

## 1. Yfirferð og mat á verkefni

Við mætum á vettvang til að meta aðstæður, ljósmynda og skrá umfang. Þarfir og væntingar verkkaupa eru ræddar áður en vinna hefst.

## 2. Tilboð – skýrt og gagnsætt

Tilboð eru án kostnaðar, gilda í 4 vikur og fela í sér allt sem verkefnið krefst. Fullt gagnsæi tryggir að enginn falinn kostnaður komi fram.

## 3. Allt innifalið í tilboði

Verð og umfang ná yfir öll efni, vinnu og þjónustu. Aukaverk eru aðeins framkvæmd með samþykki og engir bakreikningar eru sendir.

## 4. Upphaf framkvæmda

Verkið er farið yfir með verkkaupa áður en byrjað er. Öryggis- og aðgengismál eru skoðuð og tímasetningar staðfestar.

## 5. Öryggi og aðbúnaður

Allur búnaður og fallvarnir eru sett upp eftir þörfum og vinna fer fram samkvæmt öryggisstöðlum.

## 6. Aukaverk og óvænt atriði

Ef óvænt atriði koma upp eru þau ljósmynduð og kynnt strax. Aukaverk eru unnin í samráði við verkkaupa.

## 7. Staðlar og efni

Við notum vottað og endingargott efni og fylgjum viðurkenndum stöðlum byggingariðnaðar. IST-30

## 8. Þéttingar og viðkvæmir fletir

Við tryggjum vandaðar þéttingar við glugga, skorsteina, rennur og önnur viðkvæm svæði til að koma í veg fyrir leka.

## 9. Snyrtilegur verkstaður

Verkstaður er haldinn hreinn og skipulagður á meðan og eftir framkvæmdum.

## 10. Tjón og tryggingar

Ef tjón verður er það lagað tafarlaust. Verktakatrygging tryggir að verkkaupi beri engan kostnað vegna tjóns.

## 11. Samfella og tímasetningar

Um leið og við byrjum á verkstað að þá er verkið klárað nema ef um ytri vandamál koma upp, einsog skortur á efni eða annað, við stöndum við tímamörk og erum með mannafla á vakt allt árið.

## 12. Fyrirtækisstefna

„Við skilum traustu verki, vönduðum frágangi og áreiðanlegri þjónustu.“ Heiðarleiki og fagmennska eru lykilgildi.

## 13. Fjárhagslegt gagnsæi

Greiðslur fara yfirleitt fram við verklok eftir að verkkaupi hefur yfirfarið og samþykkt verkið.

## 14. Ábyrgðir

Við fylgjum gæðakerfinu í hvívetna og veitum ábyrgðir í samræmi við eðli verks og efnisval. Öll þakskipti sem eru unnin af Bygging og Viðhald ehf hafa 10 ára ábyrgð.

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR – BYGGING OG VIÐHALD EHF.

### Upplýsingar um fyrirtækið

Bygging og Viðhald ehf  
650417-0700  
[info@byggingogvidhald.is](mailto:info@byggingogvidhald.is)  
6903355

Sérhæfir sig í viðhaldi, endurbótum og byggingarverkefnum með traustum tækjakosti og öflugum starfsfólki.

### Stjórnendur og starfsfólk

Reyndir smiðir, verkstjórar og iðnaðarmenn starfa hjá fyrirtækinu og auðvelt er að fjölga mannskap sé þörf á.

### Tækjakostur og búnaður

Fyrirtækið notar traustan palla-, öryggis- og verkfærabúnað sem er reglulega viðhaldinn.

### Birgjar og efnisveitendur

Við störfum með áreiðanlegum efnisbirgjum.